

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 31. janúar 2023 í máli nr. 5/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 4. janúar árið 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við Y, hér eftir varnaraðili.

II

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að sóknaraðili festi kaup á utanlandsferð af ferðaskrifstofunni [...]. Kveðst sóknaraðili hafa verið tryggð fyrir tjóni á ferðalögum í gegnum greiðslukort sitt hjá [...] sem kaupir tryggingar af varnaraðila. Þá kveðst sóknaraðili sjálf kaupa sínar tryggingar af varnaraðila og hafi auk þess keypt sérstaka ferðatryggingu af varnaraðila vegna fyrirhugaðrar utanlandsferðar.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa ekki komist í umrædda ferð vegna skyndilegra veikinda degi fyrir brottför. Sóknaraðili kveðst hafa tilkynnt seljanda ferðarinnar það og jafnframt farið á [...] í því skyni að fá útgefið vottorð læknis. Að sögn sóknaraðila hafi vakthafandi læknir óvart hakað í þann reit vottorðsins sem staðfesti að sjúklingur hafi verið óvinnu- og óferðafær síðastliðna 12 mánuði. Hafi sóknaraðili ekki veitt þessu athygli og skilað umræddu vottorði til varnaraðila. Hafi varnaraðili hafnað bótaskyldu sökum þessa. Hafi sóknaraðili þá lagt fram leiðrétt vottorð en afstaða varnaraðila hafi enga síður verið sú sama. Hafi varnaraðili vísað til þess að sóknaraðili hafi borið ábyrgð á að skila inn réttum gögnum til varnaraðila í upphafi máls. Telji sóknaraðili þetta ólíðandi og óréttláta framkomu af hálfu varnaraðila. Sóknaraðili kveðst hafa orðið fyrir tjóni sem nemi 220.000 krónum og krefst þess varnaraðili bæti henni það tjón sitt.

III

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. laganna.

Í 1. mgr. 16. gr. laga nr. 81/2019 segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kærunefndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi. Kærunefndinni ber þó að vísa frá kvörtunum sem heyrir undir

eða er til meðferðar hjá öðrum lögbundnum eða viðurkenndum úrskurðaraðila samkvæmt 2. mgr. ákvæðisins.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hefur verið viðurkennd af ráðherra og starfar sem úrskurðaraðili í ágreiningsmálum sem varða bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli neytenda og váttryggingarfélags auk annars ágreinings sem varðar ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. 8. gr. laga nr. 81/2019 og 1. gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar.

Með vísan til kvörtunar sóknaraðila er ljóst að ágreiningur máls þessa heyrir undir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum. Kvörtun sóknaraðila er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. b. liður 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 og 3. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt.

IV

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt c. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson